




SJÁLFSMATSSKÝRSLA AKURSKÓLA

2014-2015

Niðurstöður og umbótaáætlun.



Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	2
2	Um skólann	3
2.1	Skólastefna Akurskóla	3
3	Viðfangsefni mats 2014-2015	5
4	Helstu niðurstöður sjálfsmats og umbótaáætlun	7
4.1	Skólapúlsinn	7
4.1.1	Nemendakönnun	7
4.1.2	Foreldrakönnun	9
4.1.3	Starfsmannakönnun	14
4.2	Lestrarskimanir.....	20
4.2.1	Leið til læsis	20
4.2.2	Orðarún.....	21
4.2.3	Logos-læsiskimun í 3. bekk	21
4.2.4	Logos-læsisski mun í 6. bekk	22
4.2.5	Logos-læsisski mun í 9. bekk	23
4.3	Stærðfræðiskimanir	24
4.3.1	Talnalykill í 3. bekk	24
4.3.2	Talnalykill í 6. bekk	24
4.4	Samræmd próf	25
4.4.1	4. bekkur	25
4.4.2	7. bekkur	26
4.4.3	10. bekkur.....	26
4.5	Viðburðir skólans.....	27
4.6	Samtalsdagar	28
4.6.1	Septemberfundir.....	28
4.6.2	Janúarfundir.....	28
4.6.3	Maífundir	29
4.7	Niðurstöður teyma	29
4.8	Starfsmannasamtöl.....	30
4.9	Vinnumat og samtöl.....	32
5	Lokaorð.....	33

1 INNGANGUR

Skipulag innra mats í Akurskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og að Akurskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Framtíðarsýn Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Stjórnendur setja upp áætlun um innra mat til þriggja ára í senn og leggur fyrir starfsmannafund. Áætlun fyrir 2014-2017 var sett upp í haust, birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á starfsamannafundi. Hlutverk stjórnenda í samstarfi við starfsmenn er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

2 UM SKÓLANN

Akurskóli hóf starfsemi haustið 2005. Skólinn var formlega vígður 9. nóvember 2005.

Akurskóli er staðsettur í Innri-Njarðvík en nafn skólans er dregið af Akurskóla sem var byggður árið 1891, skólahald stóð þar fram til ársins 1906.

Skólastjóri er Sigurbjörg Róbertsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Gróa Axelsdóttir. Deildarstjóri er Sólveig Silfa Karlsdóttir. Verkefnastjóri sérúrræða er Helga Eiríksdóttir og verkefnastjóri tölvumála er Freyr Brynjarsson.

2.1 Skólastefna Akurskóla

Einkunnarorð Akurskóla

„Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús”

Í Akurskóla er leitast við að móta skólastarf, framtíðarsýn og markmið í samvinnu allra sem í skólanum starfa, foreldra og nemenda. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að gefa nemendum tækifæri til frekara náms og skapa bestu skilyrði til þess. Lögð er áhersla á að höfða til áhugasviðs nemenda, að efla gagnrýna hugsun og að byggja nám á styrkleikum hvers og eins. Virðing nemenda fyrir sjálfum sér og umhverfinu er höfð að leiðarljósi.

Ytra skipulag

Kennarar vinna saman í teyllum í kennslustundum og við skipulagningu- og undirbúning kennslunnar. Hver umsjónarkennari er með umsjónarhóp sem á sitt heimasvæði. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og samvinnu nemenda. Umhverfi Akurskóla býður upp á mjög áhugaverða rannsóknarvinnu. Mikil náttúrufegurð er í næsta nágrenni skólans og einnig eru þar mannvirki sem eiga sér sögu. Í Akurskóla er lögð áhersla á að nýta þennan auð í grenndarkennslu og einnig viljum við tengjast atvinnulífinu í næsta umhverfi til náms.

Þátttaka nemenda

Við mótun skólastarfsins viljum við að raddir nemenda heyrast. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði skólans og lýðræðisfundir nemenda eru haldnir reglulega. Ábyrgð nemenda á eigin markmiðum og námsframvindu er mikilvæg. Í Akurskóla læra nemendur að setja sér markmið með náminu og meta eigin námsframvindu og annarra.

Þátttaka foreldra

Í Akurskóla höfum við sett okkur það markmið að nýta krafta og þekkingu foreldra til þess að efla skólastarfið. Meginmarkmið foreldrastarfs er að byggja upp jákvætt samstarf heimilis og skóla og bæta líðan nemenda. Svo það megi verða eiga foreldrar fulltrúa í teyllum, boðið er upp á námskeið og óskað er eftir þátttöku foreldra í bekkjarstarfi.

Skólastarf Akurskóla hvílir á Fræjunum sem unnin voru af starfsmönnum skólans í samvinnu við foreldrasamfélagið.



Læsi í sinni víðustu merkingu er yfir og allt um kring í skólafarfinu.

3 VIÐFANGSEFNI MATS 2014-2015

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og starfsmannastjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skólanámskrá	Endurskoðun skólanámskrár Akurskóla, aðlöguð að nýrri aðalnámskrá.	Stjórnendur og kennarar.	Allt skólaárið.	Allir starfsmenn, foreldrar og skólaráð.	x	x	x						
Skólalúpsinn	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi.	Skólalúpsinn. Deildarstjóri leggur fyrir.	4 mælingar, tvær á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu.		x		x		x			
	Foreldrakönnun um gæði skólans, samskipti við skólann virkni í skólastarfi og námið heima fyrir.	Skólalúpsinn. Sent í tölvupósti á foreldra.	Febrúar.			x				x	x	x	
	Starfsmannakönnun um stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda o.fl.	Skólalúpsinn. Sent í tölvupósti á starfsmenn.	Mars.			x	x	x		x	x		
Samræmd próf	Námsleg staða í íslensku, stærðfræði í 4., 7. og 10. b og ensku í 10. b.	Samræmd próf Námsmatsstofnun	September.	Nemendur í 4., 7. og 10. b.				x					
Teymi	Niðurstöður teyma. Teymin skila skýrslum í lok skólaárs með tillögum að úrbótum og upplýsingum hvað gert var á árinu.	Kennarar. Fundir allt skólaárið.	Skýrslugerð að vori.	Kennarar.	x	x	x						
Samtöl	Mat á mætingu foreldra og fyrirkomulagi samtalsdaga.	Skólalúpsinn.	Þrisvar á ári.	Umsjónarkennarar.		x		x					x
	Starfsmannasamtöl.	Stjórnendur	Feb. - mars.	Allir starfsmenn.	x				x	x	x		
	Vinnumat og samtöl í kjölfarið.	Stjórnendur	Jan. – feb.	Kennarar	x	x			x				x
Lestrarskrámanir	Læsi 1.	Umsjónarkennarar í samráði við verkefnastjóra sérúrræða.	Nóv., feb. og apríl.	1. bekkur.		x		x					
	Læsi 2.	Umsjónarkennarar í samráði við verkefnastjóra sérúrræða.	Nóv. og apríl.	2. bekkur.		x		x					

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og starfsmannastjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Lestrarskímanir	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur.	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra sérúrræða.	Janúar.	3. bekkur.		x		x					
	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur.	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra sérúrræða.	Október.	6. bekkur.		x		x					
	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur.	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra sérúrræða.	September.	9. bekkur.		x		x					
	Orðarún – lesskilningur.	Umsjónarkennarar	Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur 3. – 8. b.		x		x					
	Leið til læsis. Sjónrænn orðaforði og lesfimi.	Kennarar 1.-4. bekkja í samráði við verkefnastjóra sérúrræða.	Tvisvar á ári.	Nemendur í 1. -4. bekk.		x		x					
Stærðfræðiskímanir	Hóppróf taNalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra sérúrræða.	Nóvember.	3. bekkur.		x		x					
	Hóppróf taNalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra sérúrræða.	Október.	6. bekkur.		x		x					
Stafsetning	Stafsetning (GRP14) lögð fyrir 9. bekinga	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við íslenskukennara.	September.	9. bekkur.		x		x					
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólasetning, skólaslit og fleira. Framkvæmdamat er gert eftir hvern viðburð.	Skólustjórnendur, allt skólaárið	Allt skólaárið.	Starfsmenn skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.	x			x	x	x	x	x	x

4 HELSTU NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS OG UMBÓTAÁÆTLUN

4.1 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu.

Þegar niðurstöður úr Skólapúlsinum lágu fyrir var starfsmönnum skólans skipt upp í átta hópa og tók hver hópur fyrir einn þátt í foreldrakönnuninni eða nemendakönnuninni. Starfsmenn skoðuðu hvar Akurskóli væri að standa sig marktækt betur en aðrir skólar á landinu og hver gæti verið ástæða þess. Einnig mátu starfsmenn hvaða þættir komu ekki nægilega vel út og komu með hugmyndir að úrbótum í þeim þáttum. Skólastjóri fór yfir starfsmannakönnun á starfsmannafundi og þar var rætt um þá þætti sem komu vel út og hvað mætti betur fara.

4.1.1 Nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk koma í þremur 40 manna hópum í september, janúar og maí til að svara spurningum í Skólapúlsinum. 165 nemendur svöruðu nemendakönnuninni í ár.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

Ánægja af lestri, áhugi og ánægja af stærðfræði, áhugi og ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi, sjálfssálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og að lokum eru tvær opnar spurningar um hvað nemendum þyki gott við skólann og hvað slæmt.

Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Viðmið Akurskóla er að vera á landsmeðaltali eða yfir því.

Helstu niðurstöður

Virgni nemenda í skólanum

Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Ánægja af lestri	5,3	5,0	+0,3
Þrautseigja í námi	5,5	5,6	-0,1
Áhugi á stærðfræði	5,8	5,5	+0,3*
Ánægja af náttúrufræði	5,2	4,9	+0,3*
Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,9	4,9	0,0
Trú á eigin námsgetu	4,3	4,7	-0,4*

Í þessum þætti er ánægjulegt að sjá að áhugi og ánægja nemenda í stærðfræði og náttúrufræði er marktækt meiri hjá nemendum Akurskóla en öðrum nemendum á landinu. Skýringin gæti verið að áhugi og ánægja kennara í starfi er að skila sér til nemenda og kennarar duglegir að tengja það sem er að gerast í kringum okkur við námsefnið.

Sá þáttur sem er enn slakur í Akurskóla er trú nemenda á eigin námsgetu en þar erum við 0,4 marktækt undir meðaltali.

Umbótaáætlun:

Huga þarf að því að efla trú nemenda á eigin námsgetu og benda kennarar á eftirfarandi leiðir til þess:

- Setja upp þverskipt þemaverkefni í febrúar („föst“ árleg uppsetning – Akuruppskeran). Samvinna heimili, skóla og vinnumarkaðar.
- Þjóða upp á stoðtíma fyrir mið- og unglingastig.
- Aukið heimanám til að efla trú á eigin námsgetu og vinnubrögðum í námi en með þeim möguleikum að geta lært í stoðtímum. Einstaklingsmiðað heimanám í samstarfi við foreldra.
- Aukið leiðsagnarmat á mið- og unglingastigi til að innleiða ákveðin vinnubrögð, sbr. við ritgerðarskil: Skil á uppkasti – endurgjöf – endanleg úrvinnsla.
- Fjölbreytt námsmat, t.d. út frá mismunandi prófagerðum, sbr.: heimapróf, gagnapróf, sjálfsmat, parapróf (metið til reynslu en ekki einkunna), krossapróf, ritgerðarspurningar o.fl. Einnig að kennarar hafi „fastan“ ramma um fjölda ólíkra prófagerða til að koma á mótis við einstaklingsþarfir (einstaklingsmiðað nám).

Líðan og heilsa

Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Sjálfsálit	5,1	5,0	0,1
Stjórn á eigin lífi	4,6	5,0	-0,4*
Vellíðan	4,5	4,6	-0,1
Einelti	5,6	5,3	0,3
Tíðni eineltis	10,4%	10,3%	0,1%
Hreyfing	69,3%	70,5%	-1,2%
Mataræði	4,9	5,0	-0,1

Í þessum þætti eru nemendur Akurskóla almennt við landsmeðaltalið. Nemendur upplifa þó meira hér en annars staðar að hafa minni stjórn á eigin lífi og hreyfing er nemenda er almennt minni en gengur og gerist.

Umbótaætlun

Starfsmenn benda á að til að vinna með þennan þátt ætti að vinna markvisst með lífsleikni hjá öllum bekkjum þar sem lögð er áhersla á sjálfmyndina og sjálfstraustið.

Skóla- og bekkjarandi

Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Samsömun við nemendahópinn	5,0	4,9	+0,1
Samband nemenda við kennara	5,9	5,5	+0,4*
Agi í tímum	4,7	5,1	-0,4*
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,5	5,4	+0,1
Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,1	5,0	+0,1

Í þessum þætti er mjög jákvæð niðurstaða. Nemendur samsama sig nemendahópnum, eiga í góðu sambandi við kennarana, eru virkir og telja heimanám mikilvægt. Nemendur eiga að jafnaði marktækt betra samband við kennara sína hér en í öðrum skólum á landinu og er það

mjög jákvætt. Ástæður þess gætu verið að kennarar sýna þolinmæði og skilning. Hlusta á nemendur, bera virðingu fyrir þeim og veitir þeim athygli.

Eini þátturinn sem er rétt undir landsmeðaltali er agi í tímum sem er þó á uppleið síðan 2011.

Umbótaáætlun:

Starfsmenn leggja til að það verði settar skýrar reglur og það verði að fylgja þeim eftir.

4.1.2 Foreldrakönnun

Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í fimm flokkum. Flokkarnir eru: nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur. Könnunin var framkvæmd í febrúar. Könnunin var lögð fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum grunnskólans. Búið er til 120 foreldralíkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutumum. Fjöldi þátttakenda í Akurskóla var 121. Fjöldi svarenda var 112 og svarhlutfall 92,6%

Mælingar eru ýmist birtar sem tugabrot eða prósentutala. Ef niðurstaða í ákveðnum þætti er eingöngu byggð á einum þætti þá er um prósentutölu að ræða. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Ef mælingin skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan nafn þáttarins með bláum stöfum +/- X,X.

Viðmið Akurskóla er að vera á landsmeðaltali eða yfir því.

1. Nám og kennsla

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,0	98	5,2	6.516	-0,2
1.2. Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra	5,1	98	5,1	6.435	0,0
1.3. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	95,8%	92 _{/96}	91,1%	5769 _{/6333}	4,7%
1.4. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	81,6%	80 _{/98}	84,6%	5425 _{/6411}	-3,0%
1.5. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	83,7%	82 _{/98}	77,9%	4983 _{/6395}	5,8%
1.6. Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra	80,4%	78 _{/97}	77,2%	4909 _{/6362}	3,2%
1.7. Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati foreldra	80,6%	79 _{/98}	77,3%	4788 _{/6195}	3,3%

Í þessum þætti er skólinn yfir landsmeðaltali í lið 1.3 ánægja foreldra með stjórnun skólans og í lið 1.5 hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra. Helstu ástæður þessa að mati starfsmannaskólans gætu verið breyttir stjórnunarhættir, nýjungar í skólstarfinu og aukin notkun samfélagsmiðla. Agamál eru leyst á staðnum, fljótt og örugglega, agamál rata síður heim og færri endurtekningar því málin leysast fyrr.

Í lið 1.1 ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum og lið 1.4 hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra er skólinn rétt undir landsmeðaltali.

Umbótaáætlun:

Kynna þarf betur fyrir foreldrum námsefni, kennsluhætti og námsmat sem notast er við í skólanum. Þetta væri hægt að gera með myndböndum eða einhvers konar kynningu á því sem kennarar nýta sér og ætla sér að nota það misserið. Gera foreldrum grein fyrir að kennarar Akurskóla vinna með hæfni og færni nemenda samkvæmt Aðalnámskrá Menntamálaráðuneytis. Samræma þarf væntingar kennara og foreldra varðandi nám nemenda, t.d þarf nemandi í 5.bekk að ná ákveðinni hæfni og færni og við vinnum saman að því að ná þeim markmiðum. Að sama skapi þarf að kynna ítarlegar, leiðir til námsmats fyrir foreldrum, jafnhliða námsefni.

2. Velferð nemenda

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,7	100	4,8	6.392	-0,1
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	88,7%	86 _{/97}	89,8%	5672 _{/6317}	-1,1%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	93,9%	92 _{/98}	92,7%	6022 _{/6494}	1,2%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	90,8%	89 _{/98}	92,8%	6002 _{/6466}	-2,0%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	90,7%	88 _{/97}	89,3%	5777 _{/6470}	1,4%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	18,4%	18 _{/98}	17,2%	1106 _{/6425}	1,2%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	60,0%	15 _{/25}	61,8%	970 _{/1570}	-1,8%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	62,5%	15 _{/24}	59,2%	897 _{/1516}	3,3%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	84,5%	49 _{/58}	78,9%	3485 _{/4416}	5,6%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,1	25	1,4	1.611	-0,3
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	28	-	-	-

Í þessum matsþáttum er skólinn hvorki marktækt yfir eða undir landsmeðaltali í neinum þáttum.

Það sem þarf að skoða betur er úrvinnsla eineltismála en ánægja með þann þátt hefur dalað talsvert á milli ára. Vellíðan í kennslustundum er ekki nægilega góð að mati foreldra.

Umbótaáætlun:

Starfsmenn skólans komu með fjölmarga punkta um hvernig má ná betri árangri í þeim þáttum sem vinna þar með.

- Eineltisteymi skoði úrvinnslu eineltismála – hvað sé hægt að gera betur þar.
- Meiri agi í kennslustundum, sérstaklega í eldri bekkjum. Vantar samræmda agastefnu.
- Fjölbreytta kennsluhætti, sérstaklega í eldri bekkjum.
- Meiri skapandi vinnu í höndunum (á við í unglingadeild). Fleiri þemaverkefni þvert á námsfög.
- Eingöngu námsleiki í spjaldtölvum.
- Stýra símanotkun nemenda.
- Mæta námsþörfum nemenda með námserfiðleika.
- Umsjónarkennarar upplýsi foreldra alltaf um vanlíðan nemenda.
- Einstaklingsviðtöl við nemendur, eitt á önn jafnvel með stöðluðum spurningalistum. Nemandi geti valið sér að fara í viðtal við umsjónarkennara eða til annars starfsmanns sem nemandinn ber traust til.
- Á haustsamtalsdegi leggja drög að einstaklingsþörfum og einstaklingsnámskrá nemenda sem þess þurfa og allir nemendur setji sér markmið. Endurskoða markmið eftir áramót.
- Einstaklingsnámskrár gerðar í samráði við foreldra, foreldrar undirrita og fá eintak. Senda hana líka rafrænt og uppfærsluna þegar hún er uppfærð.
- Tvö foreldraviðtöl í 1. bekk að hausti, fyrsta skóladaginn og aftur í sept/október.
- Kennari/umsjónarkennari sendi póst eða hringi á miðri önn og heyrir í foreldrum hvernig gangi, hvað gengur vel og hvað má betur fara.
- Teymisfundir vegna nemenda með miklar sérþarfir. Hittast strax að hausti og svo reglulega eftir það.
- Fjölbreytta kennsluhætti.
- Markvissari kennsla í forvörnum. Nota kennsluefni sem til er í forvörnum.
- Nemendur haldi heilsudagbók; hreyfing, næring, svefn, tilfinningar í samstarfi við íþróttakennara og heimilisfræðikennara.
- Allt of margir nemendur að fara í sjoppuna og kaupa sér óhollt nesti. Beina því til foreldra að senda þau með nesti í skólann en ekki peninga til að fara með í sjoppuna.
- Nemendur hafi góðan aðgang að umsjónarkennara t.d. í lok skóladags.
- Kenna börnum fjármálalæsi fyrir á skólagöngunni.
- Glæðlegt viðmót starfsmanna - brosa og heilsa, bjóða góðan daginn og kveðja.
- Sýna nemendum umhyggju og áhuga; spyrja opinna spurning t.d.hvað þau gerðu í gær, hvað þau ætli að gera í dag, hvernig þeim líður o.s.frv.
- Jafningjastjórnun til að auka tengsl starfsmanna og nemenda. Starfsmenn taki þátt í því sem nemendur eru að gera hverju sinni.
- Foreldranámskeið.
- Virkja foreldra og bekkjarfulltrúa.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,4	96	5,1	6.385	0,3*
3.2. Ánægja foreldra með tómsundabjónustu/frístundaheimili	5,0	30	4,9	2.248	0,1
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundabjónustu/frístundaheimili	33,0%	32 _{/97}	35,7%	2294 _{/6427}	-2,7%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundabjónustu	-	61	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með sérkennslu/stuðning í skólanum	85,7%	24 _{/28}	90,1%	1545 _{/1715}	-4,4%
3.6. Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum	28,6%	28 _{/98}	27,6%	1771 _{/6418}	1,0%
3.7. Tíðni sérkennslu/stuðnings	73,3%	22 _{/30}	74,8%	1275 _{/1705}	-1,5%
3.8. Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun	34,5%	10 _{/29}	30,1%	521 _{/1732}	4,4%
3.9. Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun	60,0%	6 _{/10}	64,2%	326 _{/508}	-4,2%
3.10. Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu	-	-	-	-	-
3.11. Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu	11,3%	11 _{/97}	12,9%	829 _{/6405}	-1,6%
3.12. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	75,9%	66 _{/87}	74,1%	4076 _{/5504}	1,8%
3.13. Notkun á mötuneyti	89,8%	88 _{/98}	86,3%	5575 _{/6460}	3,5%
3.14. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	11,1%	1 _{/9}	10,2%	88 _{/861}	0,9%

Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með aðstöðuna í skólanum og margir nemendur eru í mataráskrift. Ástæðan fyrir þessu gæti verið að skólinn er nýlegur og vel tækjum búinn. Innangengt er í íþróttahús og sundlaug. Hentugt er fyrir foreldra að nýta sér þjónustu Skólamatar og hafa börn í áskrift.

Þeir þættir sem skólinn þarf að bæta sig í eru:

1. Finna betri aðstöðu fyrir Frístundaskólann.
2. Hafa síður starfsmenn í frístund sem sinna stuðningi á yngsta stigi.
3. Stuðla að fjölgun nemenda á unglingsstigi í mataráskrift eða þeir komi með hollt nesti
4. Einstaklingsnámskrár.

Umbótaáætlun:

1. Færa Frístundaskólann í kennslustofur á lóð og að upphaf Frístundaskólans sé þá útikennsla frá kl. 13:00 – 14:00. Plan B sé þá í salnum ef veður er slæmt.
2. Ekki sömu starfsmenn sem sinna stuðningi í bekkjum á yngsta stigi og vinna í Frístundaskólanum.
3. Skólinn (foreldrafélag, nemendafélagið) bjóði uppá samlokur, ávexti, búst til kaups.
4. Skilgreina hver á að gera einstaklingsnámskrár. Virkja foreldra og upplýsa alla kennara sem koma að kennslu einstaklingsins. Áhersla lögð á að kennarar kynni sér námskrárnar.
5. Virk teymi sem starfa allt skólaárið undir stjórn verkefnastjóra sérkennslu.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,0	103	5,0	6.432	0,0
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	54,6%	53 _{/97}	55,6%	3461 _{/6230}	-1,0%
4.3. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	78	-	-	-
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	75	-	-	-
4.5. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	97,0%	98 _{/101}	94,4%	6018 _{/6374}	2,6%
4.6. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	101	-	-	-
4.7. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	62,6%	62 _{/99}	54,2%	3397 _{/6272}	8,4%*
4.8. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	92,9%	92 _{/99}	84,8%	5155 _{/6078}	8,1%*
4.9. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	86,4%	89 _{/103}	81,8%	5257 _{/6428}	4,6%
4.10. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	75,5%	74 _{/98}	73,7%	4786 _{/6491}	1,8%

Í þessum þætti er ánægja með foreldraviðtöl, áhrif á gerð námsáætlunar með nemanda, heimasíðu skólans og upplýsingaveitu um stefnu skólans og námskrá og einnig eru foreldrar almennt ánægðir með frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi.

Ástæður fyrir ánægju með þessa þætti gæti hugsanlega verið að upplýsingaflæðið er jafnt og þétt yfir árið og tekið á vandamálum þegar þau komu upp. Heimasíðan er vel hönnuð og aðgengileg.

Þættir sem þarf að bæta eru að auka frumkvæði kennara að foreldrasamskiptum á unglingastigi. Þörf er á að veita foreldrum aukinn vettvang til að hafa áhrif á nám nemenda

Umbótaáætlun:

Halda áfram að tryggja að öll skilaboð komist á framfæri. Nota alla miðla eins og tölvupóst, Mentor og Facebook. Senda vikulegan upplýsingapóst á öllum stigum. Tryggja það að foreldrar af erlendu bergi brotnu fái skilaboð á tungumáli sem þau skilja. Halda fjölskyldudag að hausti þar sem er skyldumæting. Það eflir samstarf og tengsl milli heimilis og skóla. „Ný hefð“.

5. Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,6	102	4,9	6.425	0,7*
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,7	102	4,7	6.403	0,0
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,3	101	4,4	6.327	-0,1
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	72,0%	72/100	72,8%	4616/6339	-0,8%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	70,6%	72/102	52,4%	3314/6328	18,2%*
5.6. Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns	74,2%	69/93	77,8%	4666/6000	-3,6%

Þriðja árið í röð er tími sem foreldrar aðstoða við heimanám marktækt meiri en gengur og gerist. Foreldrar telja samt sem áður að heimavinna sé ívið minni en æskilegt geti talist. Virkni foreldra í námi barna sinna er einnig marktæk yfir landsmeðaltali. Þriðja árið í röð eru væntingar foreldra á svæðinu til menntunarstigs barns síns lægri hér en gengur og gerist.

Starfsmenn skólans telja að Akurskóli komi svona vel út úr þessum þætti vegna lítillar heimavinnu. Nemendur hafa margir hverjir tækifæri til að vinna heimavinnuna í skólanum og einfaldar það því fyrir heimilin. Í kjölfarið verður jákvæðara viðhorf gagnvart heimavinnu.

Í Akurskóla er lögð áhersla á að nemendur lesi heima í um það bil 15 mínútur á dag í öllum/langflestum árgöngum skólans. Samkvæmt spurningu 5.4 finnst foreldrum það vera hæfilegt heimanám því að mesti munurinn á milli Akurskóla og á landsvísu var í þeim flokki þar sem foreldrar eru að aðstoða börnin sín í 10-30 mínútur á dag við heimavinnuna.

Umbótaáætlun

Vinna þarf í að bæta viðhorf foreldra til menntunarstigs barna sinna t.d. með viðtölum og kynningum.

4.1.3 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun fer fram í mars og mælir 15 almenna þætti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir um að gefa upplýsingar um 28 þætti til viðbótar. Þá fær skólastjóri hvers skóla spurningar sem snúa að rekstri skólans og mynda þær spurningar saman 18 þætti til viðbótar. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna

samkvæmt starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins sendir inn í febrúar.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins fer einungis fram í mars og niðurstöður hennar birtast á vefsvæði þátttökuskólanna í apríl. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra 66 grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu og í þeim var stór hluti allra starfsmanna grunnskóla á landinu.

Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Fjöldi þátttakenda var 66, fjöldi svarenda: 61 og svarhlutfall því 92,4%.

Í starfsmannakönnun eru skoðaðir eftirfarandi þættir:

árangur/gæði, tilgangur, áhugi/metnaður, upplýsingaflæði, frumkvæði, viðurkenning, stjórnun, starfsþróun, móttaka nýliða, jafnrétti/jafnræði, ímynd, samvinna, starfsandi, vinnuaðstaða, sveigjanleiki í starfi, álag, starfsmannavelta, starfsöryggi, starfsþróunarsamtal, áreitni og einelti.

Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir að gefa upplýsingar um átta þætti til viðbótar, þættirnir eru:

kennsluáðferðir, viðhorf til starfsins, áreitni og einelti, mat og endurgjöf, náms- og hegðunarörðugleikar, starfsþróun kennara, skólinn sem lærdómssamfélag og stefnumótun.

Þættirnir eru metnir á mælikvarðanum 0-10 eða eftir hlutfalli valinna svarmöguleika. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu allra skóla sem tóku þátt í könnuninni miðað við 90% öryggismörk, er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan nafn þáttarins með bláum stöfum +/- X,X.

1. Almennar rekstrarupplýsingar

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
1.1. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks sem sinnir kennslu	12,1	1	10,4	61	1,7
1.2. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við önnur störf	20,4	1	22,2	60	-1,8
1.3. Hlutfall af heildarstöðugildum sem varið er í önnur störf en kennslu	37,3%	1	32,0%	61	5,3%
1.4. Kynjahlutfall: Hlutfall karlmannna sem sinnir kennslu	21,1%	1	18,1%	62	3,0%
1.5. Hlutfall kennara án háskólamenntunar	15,8%	1	3,1%	52	12,7%
1.6. Skipulagt samstarf	-	-	-	-	-
1.7. Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu	19,4%	1	17,5%	55	1,9%
1.8. Hlutfall nemenda sem fá sérstuðning annan en sérkennslu	12,2%	1	6,0%	48	6,2%
1.9. Hlutfall barna í skólanum sem eru með íslensku sem annað mál	6,2%	1	6,3%	59	-0,1%
1.10. Símenntunarskylda - fjöldi daga	20,0	1	6,9	54	13,1
1.11. Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á yngsta stigi	19,0	1	17,5	55	1,5
1.12. Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á miðstigi	22,0	1	18,3	55	3,7
1.13. Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á unglingsstigi	23,0	1	18,6	50	4,4
1.14. Fjöldi nemenda á hverja tölvu	9,4	1	6,0	59	3,4
1.15. Hlutfall far- og spjaldtölva	20,8%	1	53,0%	56	-32,2%
1.16. Fjöldi nemenda á hverja gagnvirka töflu	56,1	1	25,0	56	31,1
1.17. Fjöldi nemenda á hvern skjávarpa	32,1	1	17,9	60	14,2
1.18. Fjöldi kennara um hverja nettengda tölvu	0,5	1	0,9	57	-0,4

Þessi þáttur gefur glögga mynd af ýmsum almennum rekstrarupplýsingum. Nokkuð var um leiðbeinendur við kennslu í Akurskóla þetta skólaár og áhyggjuefnið er viðvarandi skortur á kennurum á svæðinu.

2. Allir starfsmenn - Almennt

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
2.1. Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra	38,3%	23 _{/60}	68,8%	1801 _{/2618}	-30,5%*
2.2. Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð	2,2 dagar	60	2,0 dagar	2.596	0,2 dagar
2.3. Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð (annað)	-	7	-	-	-
2.4. Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð	1,6 skipti	60	1,0 skipti	2.570	0,6 skipti*
2.5. Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð (annað)	-	10	-	-	-
2.6. Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð	0,7 skipti	60	0,3 skipti	2.594	0,4 skipti*
2.7. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	95,0%	57 _{/60}	66,4%	1726 _{/2598}	28,6%*
2.8. Gagnsemi starfsmannaviðtals	100,0%	55	85,9%	1331 _{/1549}	14,1%*
2.9. Tíðni áreitni meðal starfsfólks	18,3%	11 _{/60}	16,8%	439 _{/2611}	1,5%
2.10. Tíðni eineltis meðal starfsfólks	13,3%	8 _{/60}	13,0%	338 _{/2610}	0,3%

Starfsfólk Akurskóla er frekar ungt miðað við hvað almennt gerist í skólum landsins. Fjarvera starfsfólks skýrist m.a. af ungum starfsmannahópi þar sem flestir eiga ung börn. Starfsmannaviðtöl voru hafin þegar könnun fór fram og því er Akurskóli marktækt yfir landinu í þeim þætti. Þá er gaman að sjá að gagnsemi starfsmannaviðtala er 14.1% marktækt yfir meðaltali landsins og er Akurskóli hæstur á landinu. Þar sem nú mælist bæði áreitni og einelti í skólanum meðal starfsmanna verður komið á eineltisteymi fyrir starfsmenn sem ekki telja sig geta komið með slíkar kvartanir til skólastjóra en enginn af þeim 8 sem sögðust hafa orðið fyrir einelti meðal starfsfólks kom að tali við skólastjóra á skólaárinu.

3. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Starfsánægja í skólanum	5,6	60	5,2	2.631	0,4*
3.2. Starfsandi innan skólans	5,6	60	5,1	2.606	0,5*
3.3. Stjórnun skólans	5,8	60	5,0	2.587	0,8*
3.4. Upplýsingastreymi innan skólans	5,6	60	4,9	2.620	0,7*
3.5. Starfsaðstaða í skólanum	5,6	59	5,1	2.599	0,5*

Viðhorf starfsmanna til skólans er mjög jákvætt og allir þættir í þessum hluta marktækt yfir landsmeðaltali. Starfsmenn meta starfsaðstöðu sína þá bestu á landinu.

4. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
4.1. Ánægja með kennarastarfið	6,4	37	5,3	1.598	1,1*
4.2. Trú kennara skólans á eigin getu	4,4	38	4,7	1.589	-0,3
4.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,4	38	5,0	1.514	0,4
4.4. Tími í heimavinnu á viku	56,2 mín	39	46,1 mín	1.380	10,1 mín
4.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	73,7%	28 _{/38}	65,3%	1063 _{/1629}	8,4%
4.6. Öllum bekknum kennt í einu	57,9%	22 _{/38}	44,7%	702 _{/1572}	13,2%
4.7. Hóþavinna í bekk	32,4%	12 _{/37}	27,3%	423 _{/1549}	5,1%
4.8. Einstaklingsvinna í bekk	27,8%	10 _{/36}	32,1%	504 _{/1568}	-4,3%
4.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	58,3%	21 _{/36}	48,3%	759 _{/1570}	10,0%
4.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	47,4%	18 _{/38}	22,4%	346 _{/1545}	25,0%*
4.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	76,9%	30 _{/39}	72,9%	1154 _{/1584}	4,0%
4.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	6	-	-	-

Ánægja kennara með kennarastarfið er mikil og mælist hún hæst á landinu í Akurskóla. Ekki kemur á óvart að undirbúningur kennslu fer að mestu fram í skólanum þar sem kennarar hafa verið á samkomulaginu s.l. skólaár sem felur í sér bindingu á vinnutíma kennara til kl. 16:00 alla daga. Áhersla kennara á námsmat með prófum er talsverð og mælist það hæsta í skólanum. Kennarar hafa gert umbótaáætlun um hvernig megi vinna að því að gera námsmat fjölbreyttara þó talsverð í skólanum.

5. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
5.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,2	36	5,0	1.447	0,2
5.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,9	36	5,2	1.443	0,7*
5.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,3	38	5,0	1.546	1,3*
5.4. Samráð um kennslu	5,2	37	5,0	1.538	0,2
5.5. Samvinna um kennslu	4,7	36	5,1	1.487	-0,4
5.6. Valddreifing við ákvarðanatöku	5,7	35	4,9	1.403	0,8*
5.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	5,4	35	4,8	1.496	0,6*
5.8. Vinnuaðstæður kennara	6,1	38	5,2	1.544	0,9*

Í þessum lið þar sem spurt er um starfsumhverfi kennara nær skólinn viðmiðum sínum og gott betur. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda, faglegur stuðningur stjórnenda, valddreifing við ákvarðanatöku, virk samvinna um skólaþróun og umbætur og vinnuaðstæður kennara mælist marktækt fyrir ofan landsmeðaltal. Valddreifing við ákvarðanatöku er hæst á landinu í Akurskóla. Aðrir þættir eru líka rétt við landsmeðaltal.

6. Kennarar - Mat og endurgjöf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
6.1. Umfang mats og endurgjafar	75,0%	27/36	62,4%	924/1481	12,6%
6.2. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara	68,4%	26/38	48,1%	695/1445	20,3%*
6.3. Sanngirni mats og endurgjafar	93,9%	31/33	90,9%	864/951	3,0%
6.4. Gagnsemi mats og endurgjafar	93,5%	29/31	89,0%	767/862	4,5%
6.5. Nýting á niðurstöðum kennaramats	6,1	30	4,8	937	1,3*

Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum til kennara er að mati kennara mjög gott og mælist 20,3% marktækt yfir landsmeðaltali. Þá er nýting á niðurstöðum kennaramats hæst í Akurskóla á landinu og 1,3 stig marktækt fyrir ofan landsmeðaltal.

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
7.1. Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár	12,7 dagar	27	11,8 dagar	1.149	0,9 dagar
7.2. Símenntunarþörf kennara	5,7	38	5,4	1.547	0,3
7.3. Símenntunarþörf kennara (annað)	-	1	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán.	65,8%	25 _{/38}	62,7%	963 _{/1536}	3,1%
7.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-
7.6. Form símenntunar sem óskað er eftir	-	35	-	-	-

Kennarar Akurskóla hafa markvisst sinnt símenntun sinni allt skólaárið. Stjórnendur Akurskóla setja upp símenntunaráætlun fyrir skólaárið sem nálgast má í starfsáætlun skólans. Fræðsluyfirvöld í bænum hafa boðið upp á námskeið og samráðsfundi allt skólaárið sem kennarar hafa verið duglegir að sækja.

Umbótaáætlun

Þegar starfsmannakönnunin er skoðuð í heild sinni er ekki hægt annað en að segja að hún hafi komið mjög vel út. Starfsmenn eru ánægðir í vinnunni, ánægðir með stjórnun skólans, faglegan stuðning og aðstöðuna í skólanum. Hugað verður að því að gera námsmat fjölbreyttara og kynna betur samsetningu námsmats fyrir nemendum og foreldrum.

4.2 Lestrarskimanir

4.2.1 Leið til læsis

Leið til læsis var lagt fyrir í 1.-4. bekk.

1. bekkur: Lesskímunarpróf í október og eftirfylgniþróf í apríl og maí.
2. - 4. bekkur: Sjónrænn orðaforði og lesfimi í október og mars.

Kennarar lögðu prófin fyrir og fengu stöðuna á hverjum nemenda miðað við stöðu jafnaldra á landsvísu og unnu út frá henni í samráði við sérkennara. Verkefnastjóri sérkennslu hafði yfirsjón með fyrirlögn.

Umbótaáætlun

Niðurstöður lesskímunarprófs voru sendar heim og foreldrum bent á leiðir til úrbóta. Aðrar niðurstöður voru kynntar á viðtalsdegi í janúar og í námsmati að vori. Í kjölfarið af skímun í 1. bekk var nemendum raðað í hópa í hringekju þar sem unnið var í eftir getu. Niðurstöðum lesskímunar var skilað inn til Fræðsluskrifstofu.

Þá voru lestrarfræðingur og talmeinafræðingur fengnir til að halda námskeið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk til að skerpa enn frekar á mikilvægi lesturs og málskilnings sem leiðir af sér betri málskilning.

4.2.2 Orðarún

Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir í 3.-8. bekk.

- 3. bekkur: lagt fyrir í nóvember og mars
- 4. bekkur: lagt fyrir í október og mars.
- 5. - 8. bekkur: lagt fyrir í október og febrúar.

Umsjónarkennarar lögðu prófin fyrir og fóru yfir þau. Verkefnastjóri sérkennslu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.


Umbótaáætlun

Í kjölfarið á fyrirlögn prófanna mátu kennarar niðurstöður og fylgdu þeim eftir með þjálfun í bekk.

4.2.3 Logos-læsiskimun í 3. bekk

Í Logos-læsisskimunum er bæði mældur leshraði og lesskilningur. Niðurstöður fyrir 3. bekk eru eftirfarandi:

Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
	31	6	17	54
	57,41%	11,11%	31,48%	100%
Lesskilningur	40	3	11	54
	74,07%	5,56%	20,37%	100%



Umbótaáætlun

Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra sérkennslu og skólustjórum á fundi og úrræði voru rædd. Niðurstöður voru sendar á foreldra með upplýsingum um hvernig þeir geta þjáfað barnið sitt.

Í skólanum:


Nemendur lásu upphátt fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa dagslega. Þeir nemendur sem voru með mikla erfiðleika fóru í stuðning til sérkennara. Nemendur tóku þátt í lestrarátaki þar sem ýmsum aðferðum var beitt.

Sérkennari endurmat hluta af þeim nemendum sem voru með mikla erfiðleika og sýndu flestir þeirra framfarir.

4.2.4 Logos-læsisskimun í 6. bekk

Í Logos-læsisskimunum er bæði mældur leshraði og lesskilningur. Niðurstöður fyrir 6. bekk eru eftirfarandi:

Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
	28	5	12	45
	62,22%	11,11%	26,67%	100%
Lesskilningur	30	1	14	45
	66,67%	2,22%	31,11%	100%



Umbótaáætlun

Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóri sérkennslu og skólastjórum á fundi og úrræði voru rædd. Foreldrar fengu upplýsingar um stöðu nemenda á samtalsdegi í janúar.


Einum nemanda var vísað í lesgreiningu. Þeirri vinnu er lokið og á hann við lestrarerfiðleika að stríða.

Farið var af stað með þrjár lestrarspretti yfir skólaárið, spretti sem voru eingöngu í árganginum og svo sameiginlegt með 4.-6. bekk. Það var einnig yndislestur og passað uppá að nemendur væru með bækur við hæfi.

4.2.5 Logos-læsissskimun í 9. bekk

Niðurstöður úr Logos-læsissskimun í 9. bekk urðu eftirfarandi:

Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals	Stafsetning
Fjöldi nem:	13	5	8	26	1-6 villur
	50,00%	19,23%	30,77%	100,00%	31%
Lesskilningur					
Fjöldi nem:	17	2	7	32	7 og fleiri
	65,38%	7,69%	26,92%	100,00%	69%



Umbótaáætlun

Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra sérkennslu og skólustjórum á fundi og úrræði voru rædd. Niðurstöður voru sendar á foreldra og hvatt til aukins heimalesturs.

Tveimur nemendum var vísað í lesgreiningu og eiga þeir við lestrarerfiðleika að stríða.

Bætt var við stuðningi í árganginn. Stuðningsfulltrúi kom og lét nemendur sem vorum fyrir neðan ákveðið viðmið lesa á hverjum degi. Einnig tók hann aðra af og til sem voru við viðmiðunarmörkin. Markviss og fjölbreytt vinna var yfir skólaárið og unnið í lesskilningi með lestrarkassanum og einnig var lestrarátak í árganginum og áhersla lögð á yndislestur það sem eftir lifði skólaárs.

4.3 Stærðfræðiskimanir

Fulltrúar frá Fræðsluskrifstofu lögðu skimunarpróf fyrir 3. bekk og prófhefti 1c fyrir 6. bekkina í október.

4.3.1 Talnalykill í 3. bekk

Talnalykill	Yfir 70% rétt	Undir 70%	Samtals
Fjöldi	16	36	52
	30,77%	69,23%	100%

Dröfn Rafnsdóttir, Hafdís Garðarsdóttir og Kolfinna Njálisdóttir kennsluráðgjafar frá FRÆ kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóri sérkennslu og skólastjórum á fundi og úrræði voru rædd. Niðurstöðurnar voru kynntar á samtalsdegi í janúar.

Umbótaáætlun

Farið var yfir niðurstöður og unnið út frá þeim þáttum sem komu illa út. Nemendahópunum var skipt upp í hópa og fjórði kennarinn var með.

4.3.2 Talnalykill í 6. bekk


Talnalykill	Yfir 70% rétt	Undir 70%	Samtals
Fjöldi	14	35	49
	28,57%	71,43%	100%

Umbótaætlun

Kennarar hlutuðu niður þá þætti sem komu illa út og unnu út frá þeim með nemendum. Hópnun var skipt upp í hópa þar sem þriðji kennarinn kom inn.

4.4 Samræmd próf

Á haustin þreyta nemendur í 4., 7. og 10. bekk samræmd próf í íslensku, stærðfræði og 10. bekkur einnig í ensku. Samræmd próf eru tekin á sama tíma á öllu landinu og eru ein leið af mörgum til að afla upplýsinga um stöðu nemenda og einnig stöðu skólans. Það er Námsmatsstofnun sem vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöðurnar og hver staða skólans er í samanburði við aðra skóla á landinu. Stjórnendur og kennarar rýna síðan í þessar niðurstöður og þá sérstaklega í framfarastuðul hvers og eins nemenda.



4.4.1 4. bekkur

Eins og sést hér í 4. bekk í íslensku vorum við yfir landsmeðaltal og vorum að hækka okkur frá því í fyrra, það er gleðilegt en að sjálfsögðu stefnum við að gera betur. Einnig hækkuðum við okkur verulega í stærðfræði og fórum vel yfir landsmeðaltal.

Þættir íslenskunnar skiptust svona niður: Í stafsetningu var talan 32,5, í lestri/hlustun 29,1, málnotkun 29,2 og ritun 34,8. Í tveimur þáttum af fjórum erum við yfir landsmeðaltali.

Þættir stærðfræðinnar skiptust svona niður: Í reikningi var talan 33,9, í tölum 36,6 og í rúmfræði 34,7.

Umbótaáætlun

Lögð verður áfram áhersla á lestur með lestrarsprettum og að kennarar láti nemendur lesa á hverjum degi í skólanum. Þeir nemendur sem búa við aðstæður þar sem heimalestri er ekki sinnt fá aukna þjónustu í skóla. Sérkennari/auka kennari kemur inn í nemendahópa í íslensku og stærðfræði. Kennarar verða hvattir til að halda áfram að kynna sér vel nýja aðalnámskrá og þá grunnþætti sem nemendur þurfa að ná ásamt því að fara vel yfir þá færni sem nemendur eiga

að hafa náð miðað við aldur og getu. Kennarar skoða kennsluhætti sína og greina stoðkerfi nemenda sinna.

4.4.2 7. bekkur

Í 7. bekk í stærðfræði vorum við yfir landsmeðaltal. Við erum ánægð með þennan árangur en að sjálfsögðu viljum við gera betur. Í íslensku erum við enn undir landsmeðaltali en ætlum ekki að láta deigan síga og ætlum okkur að gera enn betur.

Hér má sjá hvernig við komum út skoðað út frá ákveðnum þáttum:

Þættir íslenskunnar - í stafsetningu var talan 29, í lestri/hlustun 26,5, málnotkun 25,2 og ritun 30,5.

Þættir stærðfræðinnar - í reikningi var talan 30,8, í tölfræði 30,5 og í rúmfræði 29,1.

Þegar framfarir nemenda úr 4. í 7. bekk eru skoðaðar kemur sú ánægjulega þróun í ljós að í íslensku eru 80% nemenda að sýna framfarir svipað og almennt gerist eða meiri og í stærðfræði eru 93% nemenda að sýna sömu framfarir.

Umbótaáætlun

Leggja þarf áherslu á lestur. Lestrarteymi hafa verið í vetur þar sem unnið var að gerð áætlunar með skipulagða lestrarspretti og samfelli í íslensku. Hvetja þarf nemendur til þess að lesa meira sér til gagns og gaman.

4.4.3 10. bekkur

Í 10. bekk voru niðurstöður samræmdra prófa ágætar en ljóst er að við þurfum að gera enn betur í íslensku því þar vorum við í öllum þáttum undir landsmeðaltali. Stærðfræðin kom betur út en þó viljum við gera betur og það sama á við um ensku.

Hér má sjá hvernig við komum út skoðað út frá ákveðnum þáttum:

Þættir íslenskunnar - í málfræði var talan 25,4, í lestri/bókmenntum 29,4 og ritun 28,5.

Þættir stærðfræðinnar - í reikniadgerðum var talan 28,2, hlutföll 30,5, algebra 30,2 og rúmfræði 30.

Þættir enskunnar - lestur 31 og málnotkun 30,7.

Þegar framfarir nemenda eru skoðaðar úr 7. í 10. bekk koma ánægjulegar niðurstöður í ljós. Í íslensku eru 92,3% nemenda að sýna svipaðar framfarir eða meiri úr 7. bekk í 10. bekk og í stærðfræði er talan 83,4%.

Umbótaáætlun

Kennarar sérhæfa sig meira í ákveðnum námsgreinum. Áfram verður hugað að hvaða námsefni hentar nýrri aðalnámskrá. Að hausti eru kennarar hvattir til að huga að líðan og góðri bekkjarstjórnun ásamt því að þjálfa nemendur í þrautseigju við verkefni. Markvissara verður farið í að allir þættir námsgreina séu kenndir.

4.5 Viðburðir skólans

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

Framkvæmdamat á viðburðum

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Stjórnendur, athugasemdir frá foreldrum og starfsmönnum	Allir nemendur skólans í 2. – 9. bekk voru boðaðir saman á skólasetninguna kl 9:00. Stjórnendur og starfsmenn vísuðu fjölskyldum í rými þar sem umsjónarkennarar tóku á móti hópnum. 1. bekkur kom svo kl. 10:00 þar sem þeir voru boðnir sérstaklega velkomnir og fengu rós. Athöfn á sal. Gekk mjög vel enda gott veður.
Norræna skólahlaupið	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Gekk mjög vel og flestir mjög duglegir að taka þátt. Hlaupinu var seinkað vegna veðurs en það kom ekki að sök.
Upplestrarkeppnin hjá 7.bekk.	Stjórnendur	Keppnin gekk vel ef við hefðum mátt vera fyrir á ferðinni með bekkjarkeppni og keppni á sal. Gott væri að funda með kennurum 7.bekkja í byrjun skólaárs og fara yfir tilgang og fyrirkomulag keppinnar. Hugmynd að vera með bekkjarkeppnina í byrjun febrúar næsta skólaár og keppnina á sal um miðjan febrúar. Eftir bekkjarkeppnina fá allir viðurkenningarskjal fyrir að taka þátt! Dómarar skólaárið 2014-2015 voru Lára Guðmundsdóttir, Anna Hulda Einarsdóttir og Gunnar Þór Jónsson. Það gekk mjög vel.
Jólahátíð	Allir starfsmenn skólans.	Gekk vel að mestu leyti. Það sem þarf að breyta er að færa helgileikinn yfir til 5.bekk. Láta þá sem eiga að spila á hljóðfæri mæta til tónlistarkennara, ekki umsjónarkennara. Láta fyrstu hátíðina ekki byrja fyrir en 8:30. Passa betur upp á að allur frágangur sé búinn í skólanum áður en starfsfólk skólans fer heim.
Öskudagur	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Þetta árið var hátíðin tvískipt. Yngri voru í íþróttahúsinu og með stöðvar en eldri, 7. - 10. bekkur fór í menntastríð. Passa þarf að láta umsjónarkennara raða í hópana tímanlega. Kynna fyrirkomulagið fyrir, bæði fyrir starfsfólkið og fyrir nemendum. Vera búin að ákveða fyrirfram hversu margir nemendur eiga að leysa hverja þraut og hversu margir nemendur/hópar mega vera inni á hverri stöð í einu. Vinningsliðið fær pizzaveislu í verðlaun og passa þarf upp á magnið. Í ár voru pantaðar 8 pizzur fyrir vinningsliðið en þyrftum að panta 10 stykki og hafa í boði 6-8 lítra af gosi, þ.e.a.s. ef hóparnir verða jafn stórir. Spurning að hafa hópana fámennari, hafa fleiri stöðvar og hafa verkefni sem hæfir öllum. Taka þarf tillit til þess hversu breitt aldursbilið er. Hafa fleiri stöðvar sem stuðla að hópefli. Hjá yngri gekk allt vel en þegar nemendur marsera þá væri betra að bekkirnir hópi sig saman og raði sér í raðir á ganginum. Elsti árgangur fyrst og svo koll af kolli.
Árshátíð skólans	Allir starfsmenn skólans.	Mjög vel gekk að hafa árshátíðina tvískipta þ.e. eldir nemendur kvöldið áður og yngri daginn eftir. Kennarar, foreldrar og nemendur voru mjög sáttir. Finna kynna fyrir og setja saman texta með þeim. Setja starfsmann á kaffið. Hafa ávallt gæslu í salnum til að passa upp á leikmunina. Spurning með nemendum sem eru að koma á árshátíðina hjá öðrum hópum bara til að sjá atriðin. Setja starfsmenn betur í hlutverk. Of margir fóru þegar mikið var eftir, salurinn og uppvaskið.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Vorhátíð	Allir starfsmenn skólans og viðburðateymi.	Vorhátíðin var í ár með breyttu sniði og gekk vel. Að nokkrum hlutum þarf að huga að á næsta skólaári. Láta nemendur koma með nesti sem þeir geta borðað utandyra. Hópstjórinn velur góða tímasetningu til að setjast niður og borða. Reyna að hafa annan þroskaþjálfann lausan. Vera með b-plan tilbúið ef veðrið er ekki gott. Huga að stigagjöf, hafa jafnari stigagjöf á stöðvum. Verðlaunaafhendingin var í íþróttahúsinu þar sem allir nemendur komu þangað inn. Freyr og Sigurbjörg héldu utan um það og gekk vel. Rólega var bekkjum hleypt í mat. Láta pizzurnar koma kl 10:45 og hafa auka manneskju við að dreifa þeim. Vel gekk að láta alla borða.
Undir berum himni – þema	Allir starfsmenn skólans.	Þemað gekk vel í ár. Passa þarf að tala við SBK um strætóferðirnar. Hafa ávallt stóra bíla um morguninn og fram að hádegi. Yngsta stigið fór í Narfakotsseylu, heimsókn í Landnámsdýragarðinn og á Rokksafnið. Miðstigið fór í Ungmennagarðinn og var með Akurtröllid. Elsta stigið fór í sundferð, Landnámsdýragarðinn til að vinna, spiluðu amerískar íþróttir og fóru í ratleik um Reykjanesbæ. Þemadagarnir voru frekar seint en það gekk mjög vel því fáir starfsmenn voru hættir eða komnir í leyfi. Skipuleggja þarf þemað fyrr, jafnvel í bundinni viðveru.
Útskriftarskjalið fyrir 10.bekk		Fá alla starfsmenn skólans, í bundinni viðveru, til að koma á sal. Þar verður öllum skipt upp í 4-5 manna hópa til að vinna að hrósunum fyrir 10.bekk. Ef fleiri vinna að hrósunum þá verða hrósin fjölbreyttari.
Útskriftin hjá 10.bekk		Allt gekk vel. Velja fyrr nemendur sem flytja ræðu. Bakkelsið var flott, heitu réttirnir kláruðust fljótt en nóg var af kökum.
Skólaslit	Allir starfsmenn skólans og athugasemdir frá foreldrum.	Skólaslitin voru í íþróttahúsinu fyrir 1.-9.bekk kl. 9:00. Nemendur og fjölskyldur þeirra komu svo í íþróttahúsið kl. 11:00. Allt gekk vel. Tónlistaratriðin voru flott en skoða þarf lagavalið fyrir næstu hátíð. Vel gekk að stilla upp stólum og borðum í íþróttahúsinu og allir tóku þátt. Muna næst eftir að hafa fleiri til að vísa til sætis eða vísa á staði til að standa á. Spurning að biðja fólk um að mæta tímanlega.

4.6 Samtalsdagar

Í Akurskóla eru þrír skipulagðir samtalsdagar. Sá fyrsti er að hausti, næsti í janúar og þriðji í maí.

4.6.1 Septemberfundir

Tilgangur þessara funda er að sjá foreldrana og að þeir sjái okkur. Farið var yfir það helsta fyrir komandi vetur. Almennnt var góð mæting og kennarar ánægðir með daginn.

4.6.2 Janúarfundir

Nemendur fengu afhent vitnisburð sinn föstudaginn 17. janúar. Í kjölfarið þ.e. þriðjudaginn 20. janúar var hefðbundinn samtalsdagur. Flestir kennarar ræddu niðurstöður námsmats á þessum degi, hvernig hefði gengið og hvert skyldi halda. Einnig var farið yfir skimanir sem höfðu borist á haustönn og foreldrar fengu æfingarpakka með sér heim fyrir börnin ef þurfa þótti. Almennnt mjög góð mæting og ánægja með daginn.

4.6.3 Maífundir

Í lok maí var síðasti samtalsdagurinn. Dagurinn var helgaður mati á lykilhæfni en áður höfðu bæði kennarar og foreldrar metið lykilhæfni í Mentor. Góður tími var gefinn í vinnu kennara við að meta lykilhæfnina og var sá tími vel nýttur. Matið tókst heilt yfir mjög vel og bæði kennarar og foreldrar ánægðir með þennan nýja þátt í skólastarfinu.

Umbótaáætlun

Lagt til að lykilhæfni verði eingöngu metin að vori hjá kennurum og foreldrum. Foreldrar panti sjálfir viðtalstíma á Mentor á næsta ári.

4.7 Niðurstöður teyma

Á skólaárinu störfuðu sex teymi; eineltisteymi, lestrar-teymi á yngsta stigi, miðstigi og elsta stigi, námsmatsteymi hjá íþrótt-, list- og verkgreinakennurum. Öll teymi skiluðu skýrslu í lok skólaársins.

Helstu tillögur að umbótum frá teyimum voru eftirfarandi:

Eineltisteymi – Tvö mál komu á borð teymisins skólaárið 2014-2015. Unnið var vel úr þeim og bæði talin leyst. Teymið leggur til að í hverjum vikupistli komi punktar úr atburðardagatali þeirra. Byrja haustið á að fara yfir með starfsmönnum hvert hlutverk þeirra er á skólalóðinni, hvert hlutverk kennara er á bekkjarfundum og segja starfsfólki skólans af hverju og hvert hlutverk eineltisteymis er. Teymið vill ítreka að mikilvægt er að hafa kennara/starfsfólk af öllum stigum í teyminu, þroskaþjálfar, umsjónarmann frístundaskólans, stjórnenda og stuðningsfulltrúa. Baráttudagur gegn einelti er 8.nóvember. Þennan dag er mikilvægt að gefin sé tími til að vinna að baráttu gegn einelti (t.d. faðma skólann, myndbönd, hlutverkaleikir og fl.) Samkvæmt Skólalóðinni hefur einelti í Akurskóla aukist, við því þarf að bregðast!

Lestrar-teymi á yngsta stigi – Teymið vann að því að gera drög að læsisstefnu og er hún næstum því fullgerð. Áætlað er að vinna eftir henni á næsta skólaári. Byrjað var að vinna með verkefnið lestrarvini. Þá voru nemendur í 6.bekk lestrarvini nemenda í 2.bekk. Á næsta skólaári er stefnt að því að þróa betur lestrarvini, færa verkefnið inn í fleiri bekki og jafnvel fönndra saman fyrir jólin. Teymið leggur til að lestrarátak verði á vorönn (feb-mars) og síðan að hausti (sept-okt). Teymið mælir með því að hætt sé að nota gömlu lestrarprófin og notað sé eingöngu Leið til læsis lestrarprófin. Teymið leggur að lokum til að kennarar verði duglegri við að hrósa foreldrum þegar þeir standa sig vel með heimalesturinn jafnt sem annað heimanám. Nýta stimpla og límniða fyrir heimalestrarkortin.

Lestrar-teymi á miðstigi – Teymið útbjó samfellu í lestrarnámi og leggur til hún verði nýtt og kynnt nýjum kennurum sem koma að kennslu á miðstigi á næsta skólaári. Lagt er til að skipulögð lestrarátök séu í gangi yfir skólaárið. Teymið var sammála um að vel gekk að láta nemendur lesa alla daga í skólanum, halda þarf því áfram en teymið telur að leggja þurfi meiri áherslu á lesskilning.

Lestrar-teymi á elsta stigi – Til að auka lesskilning hjá nemendum kom sú hugmynd að nemendur héldu lestrar dagbækur, mismunandi útfærslur eftir árgöngum. Einnig finnst teyminu að halda ætti utan um lesturinn með skráningu á mentor. En þá þyrfti að útbúa aðgerðaráætlun varðandi hvað ætti að gera þegar heimalestri væri ekki sinnt. Teyminu finnst að fjölga ætti lesskilningskönnunum hjá nemendum, þ.e.a.s. hafa fjórar fyrir áramót og fjórar eftir áramót. (Orðarún er þá 1 af 4 á hverri önn) Ef nemendur ná ekki raunhæfum viðmiðum þá finnst teyminu að raunhæf áætlun þyrfti að fara í gang.

Námsmatsteymi list- og verkgreinakennara – Unnið var að því að betrubæta námsmatið hjá list- og verkgreinakennurum. Hver kennari setti saman hugmynd að texta út frá aðalnámskrá grunnskólanna. Reynt var að hafa orðalag í samræmi við kennsluhætti og áætlanir hvers og eins.

Námsmatsteymi íþróttakennara – Teymið vann að því að útbúa nýtt heildstætt námsmat í tengslum við nýja aðalnámskrá. Mesta vinnan fór í sundið en íþróttir sátu aðeins á hakanum og verður unnið með það á næsta skólaári. Teymið útbjó bækling þar sem grunnþáttum var raðað milli árganga. Einnig voru viðurkenningarskjöl og prófstigin uppfærð í íþróttum og sundi. Tekin var ákvörðun um að hafa viðurkenningarskjölin í íþróttum óbreytt.

4.8 Starfsmannasamtöl

Allir starfsmenn skólans fóru í starfsmannasamtöl til aðstoðarskólustjóra eða skólustjóra. Starfsmönnum var skipt á stjórnendur en gátu beðið um að skipta ef þeir hefðu áhuga á því. Starfsmenn fylltu út rafrænt eyðublað með ákveðnum spurningum áður en þeir mættu til viðtals. Einnig gáfu þeir ákveðnum þáttum einkunn á skalanum 1,3,5,7 og 9. Ef starfsmenn gáfu ekki þættinum einkunnina 9 þurftu þeir að koma með tillögur að því hvað mætti gera til að hækka einkunnina upp í næstu einkunn. Svör starfsmanna og einkunnir voru notaðar sem grunnur í viðtölunum. Viðtölin gengu vel og skólustjóri og aðstoðarskólustjóri unnu úr þeim saman.

Helstu niðurstöður

Upplýsingar sem komu fram í starfsmannasamtölum styðja það sem kom út í starfsmannakönnun Skólapúlsins. Almenn líður starfsmönnum vel, eru ánægðir í samstarfinu og með stjórnun skólans. Meðfylgjandi er yfirlit yfir þá þætti sem komu fram í starfsmannasamtölum í febrúar og mars 2015. Eingöngu þættir sem eru almenns eðlis eru birtir hér. Hæsta einkunn sem hægt er að fá er 9,0 í hverjum þætti.

Líðan og ánægja starfsfólks

Flestir mjög ánægðir í vinnunni og líður vel. Álag mismunandi mikið en tengist veikindum í rýminu og námsmati. Flestir nefna að vinna með börnunum og ná árangri með þeim skapi mesta ánægjuna.

Einkunn: 8,28

Umbætur: Hækka launin, betri hljóðvist og hafa fleiri lítil rými þar sem hægt er að vinna með litla hópa. Fólk mæti betur í vinnu. Lýðræðisfundir þurfa að vera betur skipulagðir. Meiri samvinnu og tengsl á milli hópa innan skólans – yngsta stig, miðstig og elsta stig.

Starfsaðstæður

Flestir ánægðir með starfsaðstöðu sína. Hægvirkar fartölvur nefndar og Airserver sem virkar ekki alltaf. Margir nefna að það sé mjög gott að hafa spjaldtölvur. Nokkrir vilja fá fleiri vegg, sérstaklega í Stapakoti og Narfakoti. Einhverjir starfsmenn nefna að það vanti fleiri úlpur.

Einkunn: 7,78

Umbætur: Yngra stigið vill fá ljósritunarvél nær sínum stofum. Kennarar sem eru með vinnuaðstöðu í Narfakotshjáleigu kvarta undan prentaraleysi. Vantar fleiri stóla í rými,

hjólakolla. Starfsmenn vilja fleiri skápa í sína vinnuástöðu. Stundum of mikill hávaði á kaffistofunni. Gott væri að hafa slökunarherbergi.

Samskipti og starfsandi á vinnustaðnum

Samskipti yfirleitt til fyrirmyndar og starfsandi góður. Starfsandi innan teyma góður. Fólk misjafnt og vinna þarf í að allir virði alla þrátt fyrir að vera ólík.

Einkunn: 8,25

Umbætur: Upplýsingaflæði mætti oft vera betra t.d. um nemendur sem eru í viðtölum hjá stjórnendum og námsráðgjafa. Væri mjög gott ef miðstigið væri saman í vinnurými.

Samskipti við nemendur

Flestir telja sig eiga í mjög góðum samskiptum við nemendur. Erfiðast að eiga við nemendur með mikinn hegðunarvanda.

Einkunn: 8,47

Stjórnun á vinnustaðnum

Hæsta einkunn sem gefin var. Starfsmenn almennt ánægðir með stjórnun skólans.

Einkunn: 8,56

Fræðsla og starfsþróun

Margir vilja meiri fræðslu um raskanir barna og hverjar eru bestu leiðirnar að hverjum og einum.

Verkferlar og vinnubrögð sem þarf að bæta

Setja þarf af stað vinnuhópa til að vinna að samræmdum vinnubrögðum og samfellu í íslensku og stærðfræði.

Einnig að drífa lestrarstefnuna af stað og klára.

Hugmyndir af úrvinnslu eftir foreldraviðtöl. Kennarar geri samantekt og skila til stjórnenda og þeirra sem við á. Fundir haldnir í kjölfarið og farið yfir helstu niðurstöður/ábendingar.

Annað sem kom fram

Nýr starfsmaður fannst merkilegt að upplifa enga stéttaskiptingu hér í Akurskóla. Hér eru allir jafnir.

Umbætur gerðar á skólaárinu.

Oft var brugðist við ábendingum sem komu fram á rafrænu spurningarlistunum áður en starfsmenn komu til viðtals. Í kjölfar viðtala var ein af stóru ljósritunarvélunum færð upp í rými til 4. bekkjar og prentari settur í vinnurými kennara í 7. – 10. bekk. Setja á fellihurðar í Stapakot og Narfakot og búa til aðstæður þar sem hægt er að loka meira af rými þar sem verið er að kenna mismunandi námsgreinar. Aðrar ábendingar voru teknar til skoðunar og unnið verður í að koma til móts við fleira sem starfsfólk nefndi.

4.9 Vinnumat og samtöl

Í ár fóru skólastjórnendur inn til allra kennara og sátu a.m.k. eina kennslustund hjá hverjum. Stjórnendur voru með punkta á blaði sem kennarar höfðu fengið að sjá áður og mátu þessa þætti hjá kennaranum. Hver kennari fékk svo samtalið við stjórnanda um hvað var vel gert og hvað mætti betur fara. Mikil ánægja var meðal kennara með matið og sögðust allir hafa haft ánægju af því að fá skólastjórnendur inn og fá samtalið. Haldið verður áfram með þetta vinnumat næsta ár og skólastjórnendur fara einu sinni á hvorri önn ásamt því að meta einnig störf stuðningsfulltrúa sem vinna inn í bekkjum.

5 LOKAORÐ

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarlegri grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mati á þeim og tillögum til úrbóta þar sem við á.

Vinna við matið á að nýtast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.